

Mál nr. 264/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahtak vátryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. júlí 2025 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 14. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 2. apríl 2024, orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að M var að vinna við lagningu rafmagnsvíra í jörðu og er hann hafi rétt sig fram yfir opna holu, í því augnmiði að koma rafmagnsvír fyrir, hafi hann misst jafnvægið og fallið ofan í holuna. Við fallið hafi hann festis á milli stálbita og hlotið við það mar og rifbeinsbrot. Sambærilega lýsingu er að finna í tilkynningu til Sjúkrátrygginga en hún er hvorki undirrituð af M né X.

Í skýrslu X um slysið sem send var til V, dags 2. júní 2025, segir um atvikið að M hafi verið að koma kastblökk fyrir ofan í tengibrunni undir rafmagnskassa. Hann hafi legið ofan á kanti rafmagnskassans og fundið fyrir verk í bringu eftir það. Líklega hafi eigin þungi M valdið verknum en hann hafi sennilega ekki gætt nógu vel að vinnuaðstæðum sínum. Segir einnig að lýsing í atvikaskráningu X sé önnur en lögmaður M haldi fram. X hafi neitað að staðfesta lýsingu hans í tilkynningu til Sjúkrátrygginga, enda hafi enginn starfsmanna X verið meðvitaður um það að M teldi sig hafa orðið fyrir vinnuslysi og enginn utanaðkomandi atburður hafi átt sér stað.

Hinn 17. júlí 2025 hafnaði V bótaskyldu úr slysátryggingu launþega á grundvelli þess að ósannað væri að bótaskyld atvik hefði átt sér stað.

Í málskoti kemur fram að fráleitt sé að varpa ábyrgð á aðbúnaði og aðstæðum á vinnustað yfir á M enda beri X samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ábyrgð á þeim atriðum. Þá sé fjarstæðukennt að rifbeinsbrot hafi orsakast við það eitt að sitja á kanti rafmagnskassa. Þá hafi X ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980. Beri X því hallann af þeim sönnunarskorti sem kunni að hafa leitt af því að rannsókn á tildrögum slyssins fór ekki fram. Eru þá gerðar ýmsar athugasemdir við framgöngu X í málinu. Það að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við að M leitaði á heilsugæslu eftir slysið og að honum hafi verið greidd laun vegna veikinda í kjölfar þess bendi þá sterklega til þess að X hafi viðurkennt að slys hafi átt sér stað.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að með hугtakinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Til að þeim skilyrðum sé fullnægt þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli hafi mátt reikna með. Þá þurfi tjónsorsakir að standa utan við líkama vátryggðs og ef rekja megi líkamstjón til undirliggjandi sjúkdóma eða veikleika sé skilyrðið um utanaðkomandi atburð ekki uppfyllt. Hvað varði slys M sé mikið ósamræmi í atvikalýsingum fyrirbyggjandi gagna. Í læknisfræðilegum gögnum komi annars vegar fram að M hafi verið að teygja sig yfir og hafi teygð höndina niður og fengið við það verk í brjóstakassa og bak, hins vegar segi að M hafi festis á milli stálbita þegar hann var að beygja sig fram. Í tilkynningu til V um slysið, dags. 4. apríl 2024, segi að M hafi hrasað ofan í bil með þeim afleiðingum að rifbeinsbrotnaði. Í skýrslu X til V segi hins vegar að M hafi legið ofan á kanti rafmagnskassa og fundið fyrir verk í bringu eftir það. Verulegur vafi sé þannig á því hvað hafi gerst umrætt sinn. V telji rétt að leggja samtímagögn, læknisfræðileg gögn frá slysdegi, til grundvallar mati á því og sé því ekki sýnt fram á að umrætt atvik uppfylli skilyrði slysahtaksins.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmála, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslum á líkama M og gerðist án vilja hans. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé.

Eins og rakið er að framan eru aðilar ekki sammála um atvikalýsingu, og er atvikalýsing í málskoti og tilkynningu til Sjúkratrygginga nokkuð frábrugðin þeirri lýsingu sem fram kemur í læknisfræðilegum gögnum. Í samskiptaseðlum slysa- og bráðamóttöku frá 2. apríl 2024 segir annars vegar, svo sem áður er rakið, að M hafi verið að teygja sig og fengið við það verk í brjóst og bak og hins vegar að M hafi verið að beygja sig fram þegar hann festist á milli stálbita. Er því hvorki minnst á það að M hafi misst jafnvægið eða fallið. Hvorug framangreindra lýsinga bendir með afdráttarlausum hætti til þess að skyndilegur og utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M. Þá liggja engin læknisfræðileg gögn fyrir til stuðnings því að áverkar M séu sértækir fyrir slys í skilningi vátryggingaréttar en geti ekki hafa atvikast vegna álags eða rangrar líkamsbeitingar.

Nefndin telur þá, eins og atvikum er hér háttað, ekki tilefni til þess að víkja frá almennum sönnunarreglum um atvik að slysinu á grundvelli þess að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um það. Telst enda ekki sýnt fram á að X eða starfsfólk þess hafi haft vitneskju um það að M teldi sig hafa orðið fyrir slysi í framangreindum skilningi og benda frumgögn málsins fremur til þess að um einhvers konar álagsmeiðsli hafi verið að ræða. Er því ósannað hvort og hvenær tilkynningarskylda skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi stofnast.

Breytir það ekki framangreindri niðurstöðu þó M hafi strax, með leyfi vinnuveitanda, leitað til læknis og fengið laun í veikindaförföllum vegna rifbeinsbrots, enda á starfsfólk veikindarétt óháð því hvort veikindi er að rekja til slyss í skilningi vátryggingaréttar.

Samkvæmt framansögðu er það mat nefndarinnar, eins og mál þetta liggur fyrir henni, að ekki sé sýnt fram á að meiðsl M megi rekja til atviks sem teljist slys í skilningi vátryggingaréttar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir